

Fundargerð aðalfundar Foreldrafélags Grunnskóla Fjallabyggðar miðvikudaginn 18. maí , 2016 Kl 20:00 í skólahúsinu við Tjarnarstíg, Ólafsfirði.

Formaður Hugborg Inga Harðardóttir setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Gengið var til dagskrár.

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Stungið var uppá Jónínu Magnúsdóttur skólastjóra sem fundarstjóra og Katrínu Freysdóttur í embætti fundarritara. Fundurinn samþykkti tilnefningar.

2. Skýrsla stjórnar

Formaður las svohljóðandi skýrslu stjórnar:

„Sjón foreldrafélagsins skipa Hugborg Inga Harðardóttir formaður, Rut Viðarsdóttir gjaldkeri, Katrín Freysdóttir ritari, Björk Óladóttir, Diljá Helgadóttir og Guðrún Þorvaldsdóttir

Endurskinsmerkjum var dreift til nemenda 1.-2. bekkjar síðast liðið haust en það var rest af pöntun sem félagið gerði haustið 2014. Stjórnin leggur til að haldið verði áfram að panta og dreifa merkjum til nemanda 1.-2. bekkjar sem og nýrra nemenda við skólann.

Kosning fulltrúa í skólaráð. Sigurður Ægisson hefur settið í skólaráði í 2 ár og því þurfti stjórnin að kjósa nýjan fulltrúa. Katrín Freysdóttir var kosin í það verkefni.

Fjallabyggð óskaði eftir umsóknum um styrki fyrir árið 2016 í lok september og sótti félagið um styrk að þessu sinni fyrir fyrirlestrinum Ást gegni hatri og 9. nóvember samþykkti bæjarráð að veita félaginu 55.000 sem var lagt inn 1. febrúar 2016.

Innheimta félagsgjalda fór af stað í fyrsta skipti eins og ákveðið var á aðalfundi félagsins síðasta vor en vegna mistaka fylgdi innheimtunni aukakostnaður sem var ekki hægt að fella niður. Gjaldið var 1500 kr en í heildina 1750 kr. Stjórnin ákvað vegna mistakanna að sleppa innheimtu eftir áramót og ákveðið hefur verið í framhaldinu að hafa bara einn gjalddaga ár hvert í stað tveggja sem áður var ákveðið hafa hann í byrjun nóvember að upphæð 2000 kr.

Fyrirlesturinn Þórdísar Elvu Þórðardóttur Ber það sem eftir er um sexting og hrelliklám var í boði Vodafone 3. nóvember en upptaka af fyrirlestrinum var sýnd í báðum húsum grunnskólans.

4. febrúar óskaði Kristinn Reimarsson eftir fulltrúa fyrir foreldrafélagið á fundi hjá fræðslu og frístundanefnd, það snerist þá um að mæta á fundi þegar málefni skólans koma fyrir á fundi. Erfitt gekk að finna fulltrúa en undirrituð tók það að sér en ef einhver hefur áhuga þá væri það frábært.

Fyrirlesturinn Ást gegn hatri fór fram í skólanum og Tjarnaborg 25. og 26. febrúar við góðar undirtektir foreldra og barna. Selma ræðir við nemendur um það mikla einelti sem hún hefur glímt við og segir frá því hvernig hún hefur unnið úr þeirri reynslu. Fyrirlesturinn kallast Ást gegn hatri og hentar öllum skólastigum. Fyrirlestur Hermanns kallast Foreldrar með markmið. Þar ræðir Hermann við foreldra um það hvernig hann hefur markvisst byggt Selmu upp og kennt henni að takast á við eineltið á einstakan hátt. Hermann talar um hvernig hann hefur sett sér markmið í uppeldinu og hvernig hann vinnur að því að ná þeim markmiðum. Fyrirlesturinn er ekki eingöngu fyrir foreldra barna sem hafa lent í einelti, þetta er fyrirlestur fyrir ALLA foreldra þar sem rætt er um uppeldi, skólamál og einelti. Frábær fyrirlestur sem á erindi við alla foreldra.

Stjórn foreldrafélagsins er alltaf að vinna í umferðaöryggi barna og núna í byrjun mars sendum við bæjarstjóra erindi um bætt umferðaröryggi barna í Fjallabyggð, auk þess sendum við Vegagerðinni erindi um nauðsyn vindhraðamælis á Saurbæjarási en rúta á vegum skólans fauk útaf veginum 4. febrúar síðastliðinn.

Hugmynd hefur komið upp um að panta peysur fyrir nemendur skólans en stjórnin mun byrja næsta skólaár á að kanna áhuga foreldra.

Sjöunda stjórnarmeðlim foreldrafélagsins hefur vantað síðan Sigurður Ægisson hætti í haust en Telma Björk Birkisdóttir hefur samþykkt að vinna með okkur, bjóðum við hana velkomna.

Árlegt grill skólans verður 2. júní og mun foreldrarfélagið hjálpa til við það og borga aukakostnað við matföng.“

Umræða skapaðist um skýrsluna sem var svo samþykkt samhljóða. Í umræðum kom m.a. fram að hægt er að sækja um styrki vegna slysavarna til Slysavarnafélaga í Fjallabyggð. Einnig var rætt um öryggi í skólaakstri og sérstaklega rætt um áhættu tengt vindstrengjum á Saurbæjarásnum í Siglufirði. Haft var eftir bílstjóra að vind-poki við flugvöllinn hafi gert gagn á ásnum en hann er ekki lengur til staðar. Skólastjóri sagði frá því að engin ákvörðun hafi verið tekin hjá Vegagerðinni um uppsetningu vindhraðamælis á Saurbæjarási.

3. Reikningar lagðir fram til samþykktar

Formaður lagði fram ársreikning félagsins fyrir árið 2015. Engar athugasemdir komu fram. Undir þessum lið sagði formaður frá því að bókhaldsfyrirtækið Hvanndalir sér um bókhald félagsins án endurgjalds.

Reikningar samþykktir samhljóða.

4. Kosning stjórnarmanna

Sex stjórnarmenn foreldrafélagsins gefa kost á sér til áframhaldandi starfa. Hugborg Inga Harðardóttir formaður, Rut Viðarsdóttir gjaldkeri, Katrín Freysdóttir ritari, Björk Óladóttir, Diljá Helgadóttir og Guðrún Þorvaldsdóttir. Að auki býður Telma Björk Birkisdóttir sig fram í stjórn. Kosning formanns og annarra stjórnarmanna samþykkt samhljóða.

5. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga

Sigurlaug Ragna Guðnadóttir bauð sig fram í embætti skoðunarmanns. Stungið var upp á Guðnýju Kristinsdóttur með fyrirvara um samþykki hennar. Samþykkt samhljóða.

6. Skýrsla fulltrúa foreldra í skólaráð

Katrín Freysdóttir gerði grein fyrir efni sólaráðsfunda á skólaárinu.

7. Önnur mál

- Samkvæmt starfsreglum félagsins er fulltrúi úr stjórn Foreldrafélagsins tilnefndur í Skólaráð GF. Katrín Freysdóttir hefur setið í Skólaráði í eitt ár og býður sig fram til áframhaldandi setu. Samþykkt samhljóða.
- Endurskinsmerki. Rætt um að halda áfram að gefa nemendum í 1. og 2. bekk endurskinsmerki á haustin. Skólastjóra falið að sjá um pöntun.
- Skólalóðir. Spurt var hvort lóðarframkvæmdir væru fyrirsjáanlegar á skólalóðum. Skólastjóri taldi svo ekki vera í sumar a.m.k.
- Vindhraðamælir. Rætt um að ýta á Vegagerðina næsta haust með að setja upp vindraðamæli á Saurbæjarás.
- Skólamáltíðir. Spurt var hvort útboð vegna skólamáltíða hafi farið fram en útboð er í undirbúning hjá Fjallabyggð.
- Samræmd próf. Nokkrar umræður sköpuðust um samræmd próf, framkvæmd og framtíð þeirra.
- Næsta skólaár. Skólastjóri kynnti drög að stundatöflum næsta skólaárs og útskýrði þá breytingu sem ný viðmiðunarstundaskrá felur í sér. Einnig var skóladagatal næsta skólaárs skoðað og hugsanlegir umsjónarkennarar næsta skólaárs kynntir til sögunnar.

Fleira ekki gert fundi slitið kl. 21.05

Katrín Freysdóttir, fundarritari